

Um hvað langar mig **AÐ SKRIFA?**

Kveikjur: Frásögn

Aldurshópur

1.–5. bekkur

Um verkefnið

Ungir textasmiðir, sem eru að stíga sín fyrstu skref á ritvellingum, eiga oft í erfiðleikum með að finna umfjöllunarefni sem vekur áhuga þeirra. Ein af gullnu reglum ritunar er að skrifa um eitthvað nærtækt, eitthvað sem höfundurinn veit mikið um, hefur áhuga á og stendur honum nærri. Þessi regla á einkum við um persónuleg og skapandi skrif en slík skrif eru yfirleitt fyrsta viðfangsefni ungra höfundunda. Stundum láta hugmyndirnar þó á sér standa og þá er gott að geta gripið til kveikju til að hjálpa sér af stað. Það er ekki nauðsynlegt að nota efni kveikjunnar óbreytt heldur getur kveikjan líka orðið til að þess að ný og önnur hugmynd, sem vekur áhuga, kviknar. Lykilatriðið er það að nemandinn fái hugmynd sem fær hann til að skrifa af áhuga og eldmóði.

Frásögnin er það form ritunar sem nemendur kynnast fyrst en frásögnin getur ýmist byggt á sönnum atburðum úr lífi þeirra eða ímynduðum. Frásagnarformið lýtur ákveðnum lögmálum og eftir því sem nemendur þroskast og ná betri tökum á forminu verður frásögnin flóknari og margræðari. Í fyrstu byggir hún á einfaldri atburðarás, persónusköpun og oft eru fyrstu verkin stutt. Eftir því sem nemandinn nær forminu á vald sitt er hægt að gera kröfur um nákvæmari lýsingu á aðstæðum, sögupersónum, viðbrögðum þeirra og tilfinningum og afstöðu höfundar sem birtist í meðvitaðri orðnotkun til að ná fram ákveðnum hughrifum. Það er því mikilvægt að tryggja nemendum næg tækifæri til að spreyta sig á frásagnarforminu en í bókinni *Beinagrindur* eftir Sue Palmer er að finna mjög góðar upplýsingar um einkenni þess. Bókina og efni henni tengt er að finna á heimasíðu Menntamálastofnunar (<https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/beinagrindur/>).

Frásögnin er okkur eðlislæg og hún er mikið notuð í munnlegri tjáningu. Það er því gott fyrir óreynda höfunda að hefja undirbúning undir ritun með því að ræða viðfangsefnið fyrst við kennara eða jafningja en þannig skýrast línur frásagnarinnar hratt.

Kveikjurnar á listanum eru fengnar héðan og þaðan og ekki ólíklegt að kennarar rekist á einhverjar þeirra ef þeir fara á netflakk í leit að kveikjum. Listinn er að sjálfsögðu ekki tæmandi og ekki ólíklegt að þessar kveikjur verði kveikja að fleiri kveikjum! Þær eru gott hjálpartæki til að koma sér af stað ef nemandinn finnur sér ekki viðfangsefni en mikilvægast af öllu er að kveikja fangi áhugann og viðfangsefni ritunar hverju sinni séu valin af honum sjálfum.

Gögn

- Listi yfir 24 kveikjur.
- Spjöld sem hægt er að prenta út, plasta og leyfa nemendum að draga (en það er allt í lagi að draga þangað til maður dettur niður á eitthvað áhugavert).
- Ílát undir spjöldin.

Kveikjur: Frásögn

Vængir. Hvað myndir þú gera ef þú værir fugl eða fiðrildi í einn dag?

Ofurkraftar. Nefndu einn ofurkraft sem þú myndir vilja búa yfir og segðu frá því hvernig þú myndir nota hann.

Týnd/ur. Hefur þú einhvern tímann týnst? Hvernig leið þér og hvað gerðir þú?

Flutningar. Hvernig var að flytja? Hefur þú kannski aldrei flutt en langar að flytja?

Töfrakista. Ímyndaðu þér að þú eigir töfrakistu með fötum sem breyta þér í aðra persónu. Hver myndir þú vilja verða og hvers vegna?

Gæludýradraumur. Áttu eða hefur þú átt gæludýr? Ímyndaðu þér hvað það gæti dreymt og skráðu drauminn niður.

Drekanámskeið. Hvers konar námskeið þyrfti eigandi eldspúandi dreka að fara á?

Góðvild. Skrifaðu um það þegar einhver var góð/góður við þig. Hvað gerði hann/hún og hvernig leið þér?

Skilin/n út undan. Hefur þú verið skilin/n út undan? Skrifaðu um það sem gerðist.

Leikskóladagar. Áttu þér minningu úr leikskóla? Skrifaðu um hana.

Skólagisting. Veðrið er svo vont að þú kemst ekki heim og þið eruð nokkur sem þurfið að gista í skólanum. Hvað gerið þið?

Rétt og rangt. Skrifaðu um atvik þar sem það var freistandi að gera eitthvað rangt en þú valdir að gera það rétta.

Skólamatseðillinn. Hvaða rétti myndir þú setja á skólamatseðilinn ef þú mættir ráða og hvers vegna?

Það sem ég óttast mest. Segðu frá því sem þú óttast mest og hvers vegna.

Fýlupoki. Segðu frá einu skipti þegar þú fórst í fýlu og hvað þú gerðir til að komast úr fýlunni.

Ný skólaregla. Hvaða nýju skólareglu myndir þú setja ef þú fengir leyfi til þess? Hvaða áhrif gæti nýja reglan haft á skóladaginn?

Tvífari. Hver yrðu viðbrögð þín ef þú myndir hitta fullkominn tvífara þinn?

Galdraskór. Þú finnur galdraskó. Hvaða göldrum búa þeir yfir og hvernig myndir þú nota þá?

Bréf til forsetans. Skrifaðu forsetanum bréf og segðu honum frá því hvernig þér finnst að vera Íslendingur eða að búa á Íslandi.

Tannálfurinn. Hvað myndir þú gera ef tannálfurinn vekti þig af værum blundi?

Fyrsti skóladagurinn. Skrifaðu um fyrsta daginn þinn í grunnskóla.

Krumminn. Ímyndaðu þér að það væri krummi í herberginu þínu dag einn þegar þú kæmir heim úr skólanum. Hvað myndir þú gera?

Góður vinur/góð vinkona. Búðu til lista yfir 10 eiginleika sem góður vinur eða vinkona þarf að hafa.

Lífið neðansjávar. Hvernig væri lífið ef við gætum andað neðansjávar?

Vængir

Hvað myndir þú gera ef þú værir fugl eða fiðrildi í einn dag?



Töfrakista

Ímyndaðu þér að þú eigir töfrakistu með fötum sem breyta þér í aðra persónu. Hver myndir þú vilja verða og hvers vegna?



Ofurkraftar

Nefndu einn ofurkraft sem þú myndir vilja búa yfir og segðu frá því hvernig þú myndir nota hann.



Gæludýradraumur

Áttu eða hefur þú átt gæludýr? Ímyndaðu þér hvað það gæti dreymt og skráðu drauminn niður.



Týnd/ur

Hefur þú einhvern tímann týnst? Hvernig leið þér og hvað gerðir þú?



Drekanámskeið

Hvers konar námskeið þyrfti eigandi eldspúandi dreka að fara á?



Flutningar

Hvernig var að flytja? Hefur þú kannski aldrei flutt en langar að flytja?



Góðvild

Skrifaðu um það þegar einhver var góð/góður við þig. Hvað gerði hann/hún og hvernig leið þér?



Skilin/n út undan

Hefur þú verið skilin/n út undan?
Skrifaðu um það sem gerðist.




Skólamatseðillinn

Hvaða rétti myndir þú setja á skólamatseðilinn ef þú mættir ráða og hvers vegna?



Leikskóladagar

Áttu þér minningu úr leikskóla?
Skrifaðu um hana.



Það sem ég óttast mest

Segðu frá því sem þú óttast mest og hvers vegna.



Skólagisting

Veðrið er svo vont að þú kemst ekki heim og þið eruð nokkur sem þurfið að gista í skólanum. Hvað gerið þið?



Fýlupoki

Segðu frá einu skipti þegar þú fórst í fýlu og hvað þú gerðir til að komast úr fýlunni.



Rétt og rangt

Skrifaðu um atvik þar sem það var freistandi að gera eitthvað rangt en þú valdir að gera það rétta.



Ný skólaregla

Hvaða nýju skólareglu myndir þú setja ef þú fengir leyfi til þess?

Hvaða áhrif gæti nýja reglan haft á skóladaginn?





Tvífari

Hver yrðu viðbrögð þín ef þú myndir hitta fullkominn tvífara þinn?

Fyrsti skóladagurinn

Skrifaðu um fyrsta daginn þinn í grunnskóla.



Galdraskór

Þú finnur galdraskó. Hvaða göldrum búa þeir yfir og hvernig myndir þú nota þá?



Krumminn

Ímyndaðu þér að það væri krummi í herberginu þínu dag einn þegar þú kæmir heim úr skól- anum. Hvað myndir þú gera?



Bréf til forsetans

Skrifaðu forsetanum bréf og segðu honum frá því hvernig þér finnst að vera Íslendingur eða að búa á Íslandi.



Góður vinur/góð vinkona

Búðu til lista yfir 10 eiginleika sem góður vinur eða vinkona þarf að búa yfir.



Tannálfurinn

Hvað myndir þú gera ef tannálfurinn vekti þig af værum blundi?



Lífið neðansjávar

Hvernig væri lífið ef við gætum andað neðansjávar?

